




Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

BsVest
Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit

Inngangur.	2
Félagsþjónustusvæðin	3
þjónusta sem veitt var á árinu 2015.....	3
Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu.....	4
Skammtímavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.....	5
Stuðningsfjölskyldur.....	6
Sumarúrræði.....	7
Lengd viðvera	7
Hæfingarstöðin Hvesta.....	7
Vinnusamningar.....	8
Búseta – sólarhringsþjónusta.....	9
Frekari liðveisla.....	10
Vesturafl	11
Staðan- Verkefni framundan.....	12
Tafla 1 Fjöldi í virkri þjónustu	4
Tafla 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu	4
Tafla 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtímavistunar eftir félagsþjónustusvæðum	5
Tafla 4 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtímavistun eftir sólarhringsfjölda á ári	5
Tafla 5 Rekstrarniðurstaða skammtímavistunar frá 2013-2015	6
Tafla 6 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga	6
Tafla 7 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2013-2015	6
Tafla 8 Hvesta	8
Tafla 9 Rekstrarniðurstaða Hvestu	8
Tafla 10 Rekstrarniðurstaða búsetu	9
Tafla 11 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)	10
Tafla 12 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla)	10
Tafla 13 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)	11
Tafla 14 Framlög og stöðugildi	11

Inngangur.

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa saman að þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu um áramótin 2010/2011. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (framvegis BsVest) sér um málaflokkinn og er stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða jafnframt stjórn BsVest.

Fundir stjórnar varðandi BsVest voru tíu á árinu 2015.

Í stjórn BsVest sátu

Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Vesturbyggð
Baldur Smári Einarsson, varaformaður, Bolungarvíkurkaupstaður
Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbær
Ingibjörg Emilsdóttir, Strandabyggð
Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbær

Á aukabingi þann 4. nóvember 2015 voru nýjar samþykktir samþykktar fyrir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og þar með ný stjórn kosinn. Samkvæmt 5. grein nýrra samþykktu skal kosið fimm aðalmenn og fimm varamenn, aðalmenn eru hér sem segir:

Elías Jónatansson, formaður, Bolungarvíkurkaupstaður (félagsþjónustan við Djúp).
Friðbjörg Matthíasdóttir, varaformaður, fyrir FV.
Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbær.
Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhreppur (félagsþjónustan Vestur-Barðastrandasýsla).
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahrepp (Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps).

Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps sem er skipaður af félagsmálastjórum hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig á Vestfjörðum og verkefnastjóra BsVest.

Félagsþjónusturnar eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest.

Verkefnahópur BsVest er skipaður þeim:

Sif Huld Albertsdóttir, formaður, verkefnastjóri BsVest.
Margrét Geirsdóttir, varaformaður, Ísafjarðarbær.
Elsa Reimarsdóttir, Vesturbyggð.
Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungavíkurkaupstaður.
María Játvarðardóttir, Strandabyggð.
Einnig situr Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri fundi verkefnahóps og ritar fundargerðir.

Fundað er reglulega, árið 2015 voru níu fundir skráðir, bæði voru snertifundir og símafundir.

Félagsþjónustusvæðin.

1. Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), atvinnutengd úrræði, frekari liðveisla, lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólarhringsþjónusta), sumarúrræði.

2. Félagsþjónustan við Djúp.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði) hæfing/iðja(veitt á Ísafirði), frekari liðveisla.

3. Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla, þjónustuíbúð, atvinnutengd úrræði og búseta.

4. Félagsþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu.

Ráðgjöf, skammtímavistun (veitt á Ísafirði).

Þjónusta sem veitt var á árinu 2015.

Hér á eftir er samantekt á þjónustu sem veitt var á árinu 2015.

Við skiptingu milli svæða er tekið mið af félagsþjónustusvæðum en ekki hverju sveitarfélagi fyrir sig, nema ísafjarðarbær, Félagsþjónustan við Djúp tekur þannig mið af Súðavík og Bolungarvík, Strandabyggð og Reykhólahreppur tekur mið af Strandabyggð, Kaldranarneshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi og Félagsþjónustan Vestur-Barðastrandarsýslu tekur mið af Vesturbyggð og Táknafirði.

Ráðgjafaþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt samkvæmt tillögu BsVest árið 2010.

Félagsþjónusta við Djúp:	0,34 stg.
Ísafjarðarbær	2,02 stg.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps	0,48 stg.
Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu	0,16 stg.
Byggðasamlagið	1,0 stg.*

*Verkefnastjóri er í 80% stg. og 20% stg. eru rekstur og bókhald.

Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu.


Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu hjá sveitarfélögunum má sjá hér í töflu eitt og er þetta skiptingin fyrir árið 2015.

Ísafjarðarbær er með 31 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 5 einstaklinga í virkri þjónustu.


Félagsþjónustan V.Barðastrandasýslu er með 2 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónustan við Djúpið er með 8 einstaklinga í virkri þjónustu.



Tafla 1 Fjöldi í virkri þjónustu

Samtals eru 45 börn á svæði BsVest sem er með fötlunargreiningu, þau skiptast milli félagsþjónustusvæða eins og sést á töflu tvo.



Tafla 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu

Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.


Skammtí mavistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar. Húsnæði er í eigu Ísafjarðarbæjar.

Þjónustu skammtí mavistunar er ætlað að draga úr álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtí mavistun með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum.


Skammtí mavistunin er nýtt af öllum félagsþjónustusvæðum en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtí mavistunar er einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum.

Í skammtí mavistuninni eru 3,98 stöðugildi.

Árið 2015 fengu þrjú börn og einn fullorðin þjónustu skammtí mavistunarinnar og skiptist þannig eftir þjónustusvæðum:



Tafla 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagsþjónustusvæðum



Tafla 4 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtí mavistun eftir sólarhringsfjölda á ári

Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá árinu 2012.

2013– Félagsþjónustan	2014– Félagsþjónustan	2015– Félagsþjónustan
48,1 m.kr.	36.4 m. kr.	38.3 m. kr.


Tafla 5 Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá 2013-2015

Stuðningsfjölskyldur.

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjú sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Á árinu 2015 voru 13 samningar vegna stuðningsfjölskylda, frá einum til þrjú sólarhringa í mánuði. Þrjú félagsþjónustusvæði hafa veitt þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Fjöldi þeirra sem fær þjónustu stuðningsfjölskyldu skipt eftir félagsþjónustusvæðum.



Tafla 6 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli ára.

BsVest 2013	BsVest 2014	BsVest 2015
10 samningar	9 samningar	14 samningar
23,3 sólarhringar	22,45 sólarhringar	32,5 sólarhringar

Tafla 7 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2009-2014

Sumarúrræði.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Misjafnt er milli félagsþjónustusvæða hver þörfin er fyrir sumardvöl en ekki hefur verið boðið upp á hana á Vestfjörðum, sumarúrræði hafa verið í boði og hafa þau verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Ísafjarðarbær veitir stuðning fyrir börn á almennum leikjanámskeiði.

Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandasýslu hafa þau börn sem náð hafa aldri farið í vinnuskólann, einnig hefur verið veitt liðveisla fyrir börn yfir sumartímann.

Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps hafa þau börn sem náð hafa aldri farið í vinnuskólann, einnig hefur verið veitt liðveisla fyrir börn yfir sumartímann.

Félagsþjónustunni við Djúp fékk þjónustunotandi sumarþjónustu í skammtímavistun.

Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá þremur af fjórum félagsþjónustum, við Djúp, hjá Ísafjarðarbæ og félagsþjónustunni Vestur-Barðastrandasýslu. Boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.–10. bekk hjá við Djúpið og Ísafjarðarbæ, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá félagsþjónustu Vestur-Barðastrandasýslu. Kostnaður við lengda viðveru árið 2015 var kr. 2.153.835,- Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna var kr. 1.083.215,- fyrir árið 2015 sem skiptist milli þeirra þriggja félagsþjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir frá jöfnunarsjóð.

Hæfingarstöðin Hvesta.

Hvesta er á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstrinum en fullorðnir einstaklingar með fötlun á Vestfjörðum hafa kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum geta sótt um tímabundið starf þar á meðan á dvöl þeirra í skammtímavistun stendur.

Húsnæði Hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila og tók Ísafjarðarbær við langtíma leigusamningi.


Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og taka þátt í daglegu lífi.

Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið og skiptist starfið niður í eftirfarandi þætti:

- ✓ Starfs og félagsleg þjálfun til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða tengingu við fyrirtæki á almennum markaði.

✓ Undirbúningur fyrir ýmis viðfangsefni jafnt innan eigin heimilis eða utan þess. Í lok árs 2015 voru fastir starfsmenn með fötlun 18 talsins. Nokkuð misjafnt er hversu lengi dags starfsmenn eru við dagleg störf í Hvestu og einnig er misjafnt hvort starfsmenn eru í hæfingu eða iðju. Dagleg þjónusta er frá tveim tímum 2x í viku upp í átta tíma á dag og miðast vinnutíminn af getu hvers og eins.

Skipting milli félagsþjónustusvæða.



Tafla 8 Hvesta

Rekstrarniðurstaða Hvestu.

2013– Félagsþjónustan	2014– Félagsþjónustan	2015– Félagsþjónustan
31.30 m.kr.	35.35 m. kr.	41.7 m. kr.

Tafla 9. Rekstrarniðurstaða Hvestu

Vinnusamningar.

Eitt að hlutverkum félagsþjónustunnar er að vera milligöngumaður fyrirtækja og Tryggingastofnunar ríkisins um gerð örorkuvinnusamninga. Þeir gefa einstaklingi með skerta vinnufærni tækifæri til launaðrar vinnu samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

- Atvinna með stuðningi

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér víðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningur felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd.

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði.

Ein örorkuvinnusamningur, einn einstaklingur vinnur hálfan daginn í fiskvinnslu en hann er þar fastráðinn eins og aðrir starfsmenn hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Einn örorkusamningur er hjá Vesturbyggð, félagsþjónustusvæði Vestur-Barðastrandasýslu, tveir eru hjá félagsþjónustunni við Djúp. Umsjónarmaður málaflokks fatlaðs fólks hjá Ísafjarðarbæ er með fimm örorkuvinnusamninga. Þess ber þó að geta að fleiri aðilar hafa umsjón með slíkum samningum svo sem mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar, Virk endurhæfing, starfsendurhæfing, Vinnumálastofnun og Vesturafl.

Búseta – sólarhringsþjónusta.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.92/1992, með síðari breytingum segir að fatlaður einstaklingur eigi rétt á þjónustu þar sem hann kys að búa.

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kostna á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á sólarhringsþjónustu á Ísafirði, einnig er þjónustuíbúð á svæði Félagsþjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps.

Árið 2013 setti Ísafjarðarbær af stað verkefni til að gera betri og bættari búsetuúrræði. Þau voru tilbúin í lok árs 2014 og var það fjórar nýjar einstaklingsíbúðir með aðgengi fyrir fatlaða og einnig ein ný búseta í Sindragötu.

Búsetuúrræði voru veitt á þrem stöðum á Ísafirði og byrjaði ein búseta á Hólmavík í lok árs 2014. Búsetuþjónusta er veitt til þriggja einstaklinga sem eiga íbúðir sínar, einnig eru sex einstaklingar að leigja íbúðir af sveitarfélögunum, sem fá búsetuþjónustu þangað. Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá V til XII. A og samkvæmt þeim stöðlum er það fólk sem hefur mikla stuðningsþörf.

Rekstrarniðurstaða búsetu.

	2012	2013	2014	2015
	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.
Ísafjarðarbær	111.7 m.kr.	133.4 m.kr.	170.5 m. kr.	233 m. kr
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	10.4 m.kr.*	7,1 m.kr.*	5.4 m. kr.*	21.8 m.kr.

Tafla 10 Rekstrarniðurstaða búsetu

Frekari liðveisla.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992, með síðari breytingum er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu og í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um frekari liðveislu sem sérstakan stuðning sem er margháttað aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Frekari liðveisla er þjónusta sem er veitt hjá þremur félagsþjónustusvæðum af fjórum.

Fjöldi í þjónustu:

	2013 Félagsþjónusta	2014 Félagsþjónusta	2015 Félagsþjónusta
Ísafjarðarbær	19	9	17
Félagsþjónustan við Djúp	2	1	2
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	2	8	1
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0
Samtals	24	18	18

Tafla 11 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)

Fjöldi stöðugilda:

	2013 Félagsþjónusta	2014 Félagsþjónusta	2015 Félagsþjónusta
Ísafjarðarbær	3,89 stg.*	3,89 stg*.	3,64 stg.
Félagsþjónustan við Djúp	0,27 stg	0,27 stg	0,27 stg.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	3 stg	3 stg	1 stg
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0 stg
Samtals	8,16 stg	8,16 stg	3,91 stg.

*breyting frá ársskýrslu 2013-2014 vegna mistaka.

Tafla 12 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla)

Rekstrarniðurstaða:

	2013 Félagsþjónusta	2014 Félagsþjónusta	2015 Félagsþjónusta
Ísafjarðarbær	23,4 m.kr.	24,2 m.kr.	25,1 m.kr.
Félagsþjónustan við Djúp	1 m.kr.	1,5 m.kr.	1,2 m.kr.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	10,7 m.kr.	10 m.kr.	4,2 m.kr.
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0 m.kr.
Samtals:	35,1 m.kr.	35,7 m.kr.	30,5 m.kr.

Tafla 13 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)

Vesturafl

Vesturafl er miðstöð fyrir fólk sem vegna veikinda og/eða annarra tímabundinna aðstæðna býr við skert lífsgæði og getur því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu, vinnu eða inni á heimili. Til þessa geta talist geðsjúkdómar, krabbamein, hjartasjúkdómar, stoðkerfissjúkdómar og ýmislegt fleira. Í miðstöðinni er boðið upp á fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Þjónustan byggist upp á valdeflingu notandans. Rekstraraðilar Vesturafls eru BsVest, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðarvíkurhreppur og Rauði krossinn.

Samanburður milli ára á framlögum og stöðugildi.

	2013	– 2014	– 2015
	félagsþjónustan	félagsþjónustan	félagsþjónustan
Stöðugildi	1,2 st.gildi	1,7 st.gildi	1,7 st.gildi
Kostnaður við stöðugildi	5.8 m.kr.	5.8 m.kr.	5.8 m.kr.

Tafla 14 Framlög og stöðugildi

Staðan- Verkefni framundan.

Í lok árs 2014 var vinna við fjárhagsáætlun 2015 í fullum gangi, í ljós kom að áætlun sveitarfélaga var ívið hærri en framlög jöfnunarsjóð gerðu ráð fyrir eða um 60. millj.kr., verkefnastjóra var falið í desember 2014, eftir fund með framkvæmdarstjórum sveitarfélaga að leita leiða til að framlög til Vestfjarða myndu haldast í takt við áætlun sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun 2015 var samþykkt með þeim formerkjum sem eru hér á undan, í lok árs 2014 eða nánar þann 30. desember fékk BsVest tölvupóst frá jöfnunarsjóð, tilkynnt var að breytingar hefðu orðið á framlögum og verkefnastjóra falið að hringja við tækifæri til jöfnunarsjóðs til að fá nánari upplýsingar varðandi framlögin fyrir 2014. Þann 5. janúar 2015 var haldinn símafundur með jöfnunarsjóð, verkefnastjóra, framkvæmdastjóra og formanni stjórnar BsVest þar sem jöfnunarsjóður tilkynnti að framlög til BsVest fyrir árið 2014 hefðu lækkað um 60 millj. kr. frá síðustu útreikningum sjóðsins og þær skýringar sem fram komu voru vegna endurmat á SIS mati og tilfærslu einstaklinga á milli svæða. Í ljós kom síðan að mesta lækkunin væri vegna barna sem urðu 18 ára á árinu 2013 og byrjuðu að fá framlög sem fullorðnir einstaklingar árið 2014, því lækkuðu framlög til þeirra samanlagt um 52% milli ára. Jöfnunarsjóður er með viðbótarframlag sem hægt er að sækja, þegar mál eins og þessi koma upp, BsVest sótti um 52. millj.kr. viðbótarframlag þann 20. janúar sl.. Viðbótarframlaginu var skipt á milli sjö þjónustusvæða og fengu Vestfirðir kr. 35.474.000,-, endanleg áætlun fyrir árið 2014 og viðbótarframlag frá jöfnunarsjóð lágu fyrir þann 10. febrúar 2015.

Ekki hefur fengist leiðrétting fyrir árið 2014 og hefur jöfnunarsjóður lokað árinu eins og það er, með engum möguleikum á að breyta framlögum fyrir það ár. Skuld BsVest við jöfnunarsjóð vegna ársins 2014 er því um 29,1 millj.kr.

Árið 2015 fór mikil vinna í að leita leiða til að fá aukið fjármagn frá ríkinu, hefur það ekki skilað sér sem skildi. Í byrjun árs 2015 sendi stjórn frá sér ályktun til sveitarfélaga og fór á þá leið að ef nægt fjármagn myndi ekki fást fyrir málaflokkinn mun BsVest fara í viðræður við Velferðarráðuneytið um að ríkið taki aftur við málaflokki á Vestfjörðum, jákvæð svör bárust frá öllum sveitarfélögum og farið var í þá vinnu að fá fund með ráðherra og fá mat frá utanaðkomandi aðila til að taka út þjónustu og starf sem viðkemur BsVest.

Jöfnunarsjóður fékk til starfa ráðgjafa frá R3 ráðgjöfum, sem utanaðkomandi aðila til að taka út starf BsVest, þeir hafa verið að taka út fleiri þjónustusvæði á landinu sem ekki hafa komið vel út. Skýrslan barst BsVest þann 12 júlí s.l.. Nokkrir punktar eru í skýrslunni sem BsVest er beðið um að skoða nánar, við nánari athugun sést að ekki er um mikla hagræðingu að ræða í þessum punktum og ekkert sem bendir til þess að aðildarsveitarfélög BsVest séu að veita of mikla þjónustu til einstaklinga. Eins og BsVest hefur oft tjáð sig um, að þjónusta á dreifbýlu og fámennu svæði er mun dýrari en þar sem þéttbýli og margmenni ráða ríkjum.

Árið 2015 var í biðstöðu meira og minna eftir svörum frá jöfnunarsjóð, mikið um bréfaskriftir og fundi með jöfnunarsjóð og ráðuneytum vegna stöðu BsVest, mikill skilningur var hjá öllum sem koma að málaflöknum en lausnin var/er ekki í sjónmáli.

Á aukabingi sem haldið var 4. nóvember s.l. voru nýjar samþykktir BsVest samþykktar og sendar ráðuneytinu sem samþykkti samþykktirnar stuttu seinna, kosið var í nýja stjórn út frá nýjum samþykktum. Í nýrri stjórn sitja framkvæmdastjóri frá hverju félagsþjónustusvæði ásamt einum aðila úr stjórn FV, verkefnastjóri og framkvæmdastjóri BsVest. Einn fundur var haldin á árinu 2015 með nýrri stjórn, þá var farið yfir fjárhagsáætlun 2016 og tekin sú ákvörðun að fá ráðgjafafyrirtækið R3 til að rýna nánar ofaní rekstur málaflöksins hjá sveitarfélögunum. Skýrslunni var lokið um miðjan janúar 2016 og hefur stjórn fjallað um hana og sveitarfélög tekið til sín þær athugasemdir sem í henni voru. Verið er að vinna að nýju kerfi er varðar fjárhagsáætlunargerð með R3 Ráðgjöfum.

Þann 11. desember 2015, var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi framtíðarfjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélagana við fatlað fólk. Samkomulagið er tvíþætt, annars vegar er tímabundin hækkun á útsvari 0,04% síðan árið 2014 lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga sem nemur þar með 1,24% til málaflöksins, framvegis verður hámarksútsvar sveitarfélaga 14,52%. Hins vegar er kveðið á um hækkun framlaga í Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað er að þessar breytingar leiði til þess að framlög til þjónustu við fatlað fólk á hendi sveitarfélaganna aukist um allt að 1,5 milljarð króna á ári.

Í desember sl. fór verkefnahópur yfir styrkumsóknir vegna styrk um náms, verkfæra og tækjakaupa. Ekki sóttu margir um árið 2015, ekki nema þrír einstaklingar, tveir fengu styrk en einum var hafnað vegna þess að umsóknin féll ekki undir reglur BsVest er varða styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Vegna mismunar á framlögum jöfnunarsjóðs og áætlun BsVest fyrir árið 2015 fór stjórn á þá leið að sveitarfélögin myndu greiða til BsVest mismuninn á milli áætlun jöfnunarsjóðs og samþykktri fjárhagsáætlun BsVest, á meðan verið væri að leita leiða til að fá aukið fjármagn. Sú skuld sem myndaðist við sveitarfélögin í heild fyrir árið 2015 er kr.71.475.970,-.

Árið 2016 hefur farið hægt af stað þar sem Verkefnastjóri var í fæðingarorlofi jan, feb. og hálfan mars, en kemur inn í 50 % stöðugildi frá og með 11. mars. Sú vinna sem verkefnastjóri er að sinna núna eru öll þau brýnu mál sem koma fyrir, sem og ársskýrslugerð og fjárhagsáætlunargerð. Stjórn BsVest hefur ekki samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 vegna mismunar á framlögum jöfnunarsjóðs og áætlun BsVest. Stjórn ásamt verkefnastjóra telur að með nýjum verklagsreglum um fjárhagsáætlun ætti að vera hægt að ná fram skýrari mynd á áætlanir og framlög jöfnunarsjóðs.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri BsVest